# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

**HAGF2ÞF05**

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | S. Hilmar Guðjónsson - hilmar.gudjonsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Þriðjudaga kl. 09:15-09:55 | |
| **Námsefni** | Auður hagfræði fyrir íslenska þjóð, útgefin 2013. Seld í A4 og Pennanum.<br>Annað efni frá kennara | |
| **Áfangalýsing** | Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar markaðshagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás fjármála og efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra á milli. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með beinum dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun hlutfallareiknings, vísitalna, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum, auk fréttaflutnings fjölmiðla. Nemendum verður kynnt grunnhugtök fjármála.<br>Kennari verður með fyrirlestur um hvern kafla og stýrir umræðum í tímum. Nemendur munu vinna þau verkefni sem sett eru fyrir samkvæmt áætlun í tímum eða heima og skila Innu verkefnum í upphafi þess tíma sem stöðuprófin eru sett. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna.<br>**Símatsáfangi** ☐ **Lokapróf** ☒ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Vinnubók | 20% |
| Lotupróf | 20% |
| Hópverkefni | 10% |
| Lokapróf | 50% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftar en 12 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum. |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Í þessum áfanga nýta nemendur sér læsi til að öðlast hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það.<br>Nemendur eru virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Þeir nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar og nota og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt.<br>Í áfanganum birtist heilbrigði og velferð með því að kennari hugi eftir bestu getu að félagslegri vellíðan nemenda með því að tryggja góð samskipti og öryggi innan hópsins. Í áfanganum er lýðræði haft að leiðarljósi og borin er virðing fyrir manngildum hvers og eins og tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi.<br>Nemendur eru hvattir til að láta sínar skoðanir í ljós og tekur kennari tillit til og hlustar á. Unnið er að því að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.<br>Sköpun er tekin fyrir en lögð eru fyrir verkefni sem byggja á gagnrýninni hugsun nemenda með aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika, mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið s.s. með skipulag og námsmat. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á**:<br>• Helstu hugtökum hagfræðinnar<br>• Hvernig hlutverki hins opinbera er háttað<br>• Mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir hagkerfi eins og það íslenska<br>• Gengi gjaldmiðla og áhrif gengis á viðskipti í víðari skilningi<br>• Mikilvægi góðs siðferðis í viðskiptum<br>• Mikilvægi kosninga í lýðræðisþjóðfélagi<br>• Hlutverki sveitarfélaga og verkefnum þeirra | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• Lesa og skilja fréttir um hagfræðileg málefni<br>• Afla sér upplýsinga um hagfræðileg málefni<br>• Reikna og túlka hagstærðir eins og verðbólgu, vexti, hagvöxt og fleira<br>• Skoða fjármál sín með aðstoð Meniga<br>• Nota Excel við lausn verkefna<br>• Nýta bæði Word og Excel við uppsetningu verkefna í Innu<br>• Nýta sér Meniga við gagnaöflun |

| **Hæfni** |
|---|
| **Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• Taka þátt í umræðum um hagfræðileg málefni.<br>• Taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál<br>• Gera sér grein fyrir hvernig hagkerfi starfar og helstu verkefnum sem aðilar hagkerfisins takast á við.<br>• Vera læs á samfélagið og helstu stoðir hagkerfisins.<br>• Beita upplýsingatækni við öflun upplýsinga og lausn verkefna |

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Undirbúningur f. kaflapróf** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. lokapróf** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Lokapróf** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | **116 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Kynning á áfranganum, hagfræði í fjölmiðlum og notkun gervigreindar | Tímaverkefni |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Kafli 1. Auður *Hvað er hagfræði?* | Tímaverkefni |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Kafli 2. Auður *Framleiðsla og sérhæfing.* | Tímaverkefni |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Kafli 3. Auður *Vörur og viðskipti.* | Tímaverkefni |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Kafli 4. Auður *Verð - eftirspurn og framboð.* | **Kaflapróf 1 25%**<br>*Auður kafli 1-4* |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Kafli 5. Auður *Verðbólga.* | Tímaverkefni |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Kafli 6. Auður *Bankar.* | Tímaverkefni |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Kafli 7. Auður *Vextir og verðtrygging.* | **Kaflapróf 2 15%**<br>*Auður kafli 5-7* |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Kynning á hópaverkefni og farið af stað í vinnu. | Fyrri skil á vinnubók |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Stoðtímar vegna hópaverkefnis | Skil á hópaverkefni |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Kafli 8. Auður *Hringrás og vöxtur.* | Tímaverkefni |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Kafli 9 Auður *Hið opinbera.* | Tímaverkefni |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Kafli 10 Auður *Milliríkjaviðskipti.* | Tímaverkefni |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Kafli 11. Auður *Hagfræðin í tímans rás.* | Tímaverkefni |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Aukaefni frá kennara. *Vísitölur* | **Kaflapróf 3 30%**<br>*Auður kafli 8-11* |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Upprifjun fyrir lokapróf | Seinni skil á vinnubók |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*S. Hilmar Guðjónsson*